

Músasaga





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkin Menntamálastofnunar.



Fyrir neðan bæ ömmu er lítil hola sem er vel falin inni í hól. Bíbí og Robbi vita um holuna fyrir neðan bæinn.

Búri er 🐱 sem amma á. Hann má ekki vita um holuna. Í holunni búa Týr og Yrsa.

Hvaða dýr ætli búi í holunni? Af hverju má kisan ekki vita um holuna?



Týr og Yrsa eru mýs sem bara
Bíbí og Robbi vita um.
Týr og Yrsa óðu yfir mýri
og fóru að tína ber.

– Nú erum við búin að tína nóg
fyrir veturinn, Yrsa, sagði Týr.
– Já, förum með berin í holuna
en förum varlega út af Búra,
sagði Yrsa.



Týr og Yrsa voru sæl með sig
og fóru með berin yfir mýrina.

– Förum varlega, sagði Týr.

– Já, Búri má ekki ná mér og éta
mig, sagði Yrsa.

En Búri var í felum fyrir utan bæinn.
Hann sá Tý og Yrsu fara yfir mýrina
með berin sín.



– Ég get ekki farið yfir mýrina,
sagði Búri.
Ég vil ekki vera votur, oj bara.
Ég bíð bara hér fyrir utan bæinn.

Yrsa og Týr sáu Búra sem lá
fyrir utan bæ ömmu.

– Ó, ó, við erum búin að vera,
volaði Týr.

En Týr og Yrsa vissu ekki að Bíbí
og Robbi sáu Búra.

- 4 Af hverju vill Búri ekki fara yfir mýrina? Af hverju voru mýsнар hræddar við Búra?

Bíbí og Robbi náðu í Búra
og létu hann inn til ömmu.
Amma lá fyrir í rúminu sínu
en fór nú að gefa Búra mat
og gæla við hann.
Búri var í fýlu og malaði ekki.

Yrsa og Týr gátu nú látið berin
í holuna og voru sæl með sig.
En ekki er allt búið enn.



Af hverju var Búri í fýlu? Hverjir voru vinir músanna?
En óvinur?

Ýmir og Ynja voru latar mýs.
Ynja og Ýmir sáu berin sem Týr
og Yrsa létu í holuna sína.
Nú voru Ynja og Ýmir mætt.

– Látið mig fá berin,
sagði Ýmir.

– Já, látið hann fá berin,
sagði Ynja.

– Nei, við erum búin að vera
að tína og tína, sagði Yrsa.
Farið bara og tínið ber úti í móa.




– Við nennum ekki að tína.
Holan er tóm og ekki til matur
fyrir veturinn, volaði Ynja.

Yrsa og Týr gáfu Ými og Ynju ber.
– En farið nú og tínið fyrir veturinn
á meðan tími er til, sagði Yrsa.
Farið yfir mýrina og út í móa.
– Já, en farið varlega, sagði Týr.
Búri er óvinur músa.



Hvað gáfu Yrsa og Týr músunum?
Af hverju heldurðu að þau hafi gert það?



Búri lá í fýlu inni í bæ.
Hann sá mýs fara yfir mýrina
og út í móa.
– Ekki vera í fýlu, sagði amma
og bar hann yfir í rúmið sitt.

Bíbí fór að lesa fyrir Búra
og Robbi fór að gæla við hann.
Búri fór að mala og síðan að sofa.
Og Ynja og Ýmir gátu náð í ber
fyrir veturinn.

Notkun

Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrytin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

Músasaga

Lestarbók 11b

ISBN 978-9979-0-2525-2

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© Árni Jón Gunnarsson

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2017

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir **y**, **y** og **b** sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Árni Jón Gunnarsson.



MENNTAMÁLASTOFNUN